South Korea	Committee for International Development Cooperation, chaired by the Prime Minister	<p>Korea's major ODA policies are decided at the Committee for International Development Cooperation (CIDC), which is chaired by the Prime Minister and composed of 25 members including ministers, heads of ODA implementing agencies, and civilian experts. The CIDC holds meetings approximately three times a year. It deliberates and decides on the framework plans and annual comprehensive implementation plans, and evaluates the ODA policies and the progress of ODA projects.</p> <p>The Ministry of Strategy and Finance (MOSF) supervises concessional loans in bilateral aid and cooperation with Multilateral Development Banks (MDBs) in multilateral aid. For concessional loans, MOSF establishes and reviews overall policy direction and annual planning. As the main agency for operating the Economic Development Cooperation Fund, it runs a Fund Management Council (chaired by the Minister of MOSF) and entrusts Korea Eximbank with the fund execution, including the identification, implementation and evaluation of concessional loans.</p> <p>The Ministry of Foreign Affairs (MFA) supervises bilateral grant aid and multilateral aid to the UN and other multilateral organizations. It oversees and coordinates grant aid by formulating overall grant aid policy direction, annual strategies, and regional and country-specific programmes while supervising the Korea International Cooperation Agency (KOICA) to execute grant aid programs. The MFA also acts as an executive secretary to the Inter-Agency Grants Committee (chaired by the Vice Minister of the MFA).</p> <p>Executing agencies            KOICA is the governmental agency responsible for grant aid and technical cooperation for developing countries.            Korea Eximbank is entrusted with the operation and administration of the EDCF, founded as a special fund for concessional loans to developing countries.</p>	<p>The CIDC is the main decision maker about Korea's aid budget; however, its mandate is constrained by MOSF's Budget Office having a separate veto on grants and loans that it considers do not meet its own project approval criteria – this has resulted in several projects and programmes being rejected after they have been approved by the respective InterAgency Committees for grants and loans and endorsed by the CIDC through Korea's annual ODA plan.</p>
Spain	Dedicated junior minister – Secretary of State for International Cooperation and for Ibero-America. Ministry of Foreign Affairs and Cooperation	<p>Overall development policy is directed by the Ministry of Foreign Affairs and Cooperation (MAEC). It is responsible for bilateral cooperation and multilateral contributions, except to international financial institutions and the EU, which are led by the Ministry of Finance and Public Administrations.</p> <p>The Spanish Agency for International Development Cooperation (AECID) is the main management body for Spanish cooperation, which combats poverty and works for sustainable human development. AECID reports to MAEC.</p>	<p>The central budget is divided into ministerial sections and the second largest share of Spain's ODA is allotted to MAEC's budget, the largest share going to the Ministry of the Finance and Public Administration in 2014.</p>

**Table A3: Model 3: A ministry has overall responsibility for policy and a separate executing agency is responsible for implementation (including development banks) (continued)**

Country	Highest level representation in government	Organisation	Budget
Sweden	Dedicated cabinet minister – Minister for International Development Cooperation, Ministry for Foreign Affairs	The MFA is responsible for Sweden’s development policies and management, and the Swedish International Development Cooperation Agency (Sida) is the main agency responsible for implementing those policies and strategies.	The governmental development budget draft is jointly developed by the MFA and Sida.
United States	Shared cabinet minister - Secretary of State	USAID and the State Department are the two key drivers of the aid system, out of the 27 entities involved in US development cooperation. USAID, the primary US development agency, provides technical assistance, research, policy advice and infrastructure assistance in both development and humanitarian areas. The Secretary of State is the President’s principal foreign policy advisor and the State Department is the lead representative of the US government overseas. USAID’s Administrator reports directly to the Secretary of State. The State Department also manages several large programmes.	Currently, different allocation models interact, based on previous funding requests, Presidential initiatives, congressional earmarks, country-specific budgeting and supplementary appropriations. The result is a highly fragmented budget that translates into a complex array of instruments and reporting requirements for field offices, leaving them very little discretion.

**Table A4: Model 4: A ministry or agency other than the ministry of foreign affairs is responsible for both policy and implementation**

Country	Highest level representation in government	Organisation	Budget
United Kingdom	Dedicated cabinet minister – Secretary of State for International Development	The Department for International Development (DFID) is both the policy-making and implementing body. It has more than half of its staff working in field offices.	DFID has its own budget separate from the Foreign Commonwealth Office (FCO) that covers nearly 90% of the UK's ODA. For other ministries who disburse ODA, it is taken out of their departmental budget.

*Sources: This table summarises information available on official government websites, DAC peer reviews, the Donor Tracker website (<http://donortracker.org/>) and the Trade Capacity Building Resource Guide ([http://www.tcbresourceguide.org/bilateral\\_profiles/index.html](http://www.tcbresourceguide.org/bilateral_profiles/index.html)).*

*Note: Cabinet minister sits on cabinet meetings and is a 'senior minister'; junior minister does not usually sit on cabinet meetings and is sometimes referred to as Secretary of State; shared minister means that development cooperation is not the only policy for which they are responsible; dedicated minister means that development cooperation is the only policy for which they are responsible.*

---

# Annex 2: Box Plot or Box-and-Whiskers Graph

The analysis presented from Figure 2 to Figure 11 is based on a box plot graph, also known as a box-and-whisker plot.

This graph shows how actual numerical values of a variable are distributed, ranking them from the lowest to the highest value along the vertical axis, and helps to easily compare distributions between two (or more) different groups or populations.

More specifically, we can read from the bottom to the top of the graph:

- the minimum value of the distribution (i.e. the lowest whisker);
- values between the 25th percentile, or lower quartile, and the median are identified between the bottom side of the blue box and the horizontal straight line in the blue box;
- the straight horizontal line in the blue box corresponds to the median value of the distribution (i.e. the numerical value that separates the lower from the upper half of the population);
- values between the median and the 75th percentile, or upper quartile, can be found between the horizontal straight line in the box and the upper side of the blue box; and
- the maximum value corresponds to the highest whisker.

The size of the box measures the distance between the lower and the upper quartile – the bigger the box the more dispersed values are. In other words, the box identifies the values in the central half of the distribution.

Dots either above the maximum or below the minimum values are considered as outliers of the distribution.

---

# Annex 3: Summary and test statistics

**Table A5: Countries by models**

Model 1	Model 2	Model 3	Model 4
Denmark	Australia	Austria	United Kingdom
Norway	Canada	Belgium	
Poland	Finland	Czech Republic	
Slovenia	Greece	France	
	Ireland	Germany	
	Netherlands	Iceland	
	New Zealand	Italy	
	Portugal	Japan	
	Slovak Republic	Korea	
	Switzerland	Luxembourg	
		Spain	
		Sweden	
		United States	

---

**Table A6: Countries by cabinet-rank**

Cabinet-rank Ministers	Non Cabinet-rank Ministers
Australia	France
Austria	Ireland
Belgium	Italy
Canada	Poland
Czech Republic	Portugal
Denmark	Slovenia
Finland	Spain
Germany	
Greece	
Iceland	
Japan	
Korea	
Luxembourg	
Netherlands	
New Zealand	
Norway	
Slovak Republic	
Sweden	
Switzerland	
United Kingdom	
United States	

**Table A7: Summary statistics – ODA/GNI ratios by model (2011-2013)**

	Obs.	Mean	Std. Dev.	Min	Max
Model 1	4	0.54	0.50	0.10	1.07
Model 2	10	0.35	0.19	0.09	0.67
Model 3	13	0.37	0.30	0.11	1.02
Model 4	1	0.72	-	-	-

Source: OECD (2014b) and authors' elaboration

**Table A8: Mean differences in ODA/GNI ratios across models (2011-2013)**

	Model 1	Model 2	Model 3	Model 4
Model 1		0.151	0.143	-0.101
Model 2			-0.009	-0.252
Model 3				-0.243

Source: OECD (2014b) and authors' elaboration

Notes: \*  $p < 0.05$ , \*\*  $p < 0.01$ , \*\*\*  $p < 0.001$ ; Positive numbers imply the left-hand side has higher mean values. No statistics for Model 4 (only one country included in the group).

**Table A9: Summary statistics – ODA/GNI ratios by cabinet-rank minister (2011-2013)**

	Obs	Mean	Std. Dev.	Min	Max
No Cabinet Minister	7	0.23	0.14	0.10	0.45
Cabinet Minister	21	0.45	0.32	0.09	1.07

Source: OECD (2014b) and authors' elaboration

**Table A10: Summary statistics – ODA growth rates by model**

Model	Obs.	Mean	Std. Dev.	Min	Max
Model 1	38	13.29	47.66	-12.58	289.44
Model 2	100	5.72	24.86	-64.34	186.30
Model 3	130	5.61	22.70	-47.18	127.56
Model 4	10	10.41	17.93	-28.95	34.73

Source: OECD (2014b) and authors' elaboration

**Table A11: Mean differences in ODA/GNI growth rates across models (2004-2013)**

	Model 1	Model 2	Model 3	Model 4
Model 1		7.569	7.682	2.883
Model 2			0.113	-4.686
Model 3				-4.799

Source: OECD (2014b) and authors' elaboration


Notes: \*  $p < 0.05$ , \*\*  $p < 0.01$ , \*\*\*  $p < 0.001$ ; Positive numbers imply the left-hand side has higher mean values. No statistics for Model 4 (only one country included in the group).

**Table A12: Summary statistics – ODA growth rates by cabinet-rank minister (2004-2013)**

Level of representation	Obs.	Mean	Std. Dev.	Min	Max
No Cabinet Minister	68	10.50	46.86	-64.34	289.44
Cabinet Minister	210	5.70	18.08	-43.68	127.56
Total Sample	278	6.87	27.97	-64.34	289.44

Source: OECD (2014b) and authors' elaboration

Figure A1: Aid Quality Index – sub-indices by model





**Table A13: Summary statistics – Aid Quality Index by model**

Measure	Model	Obs.	Mean	Std. Dev.	Min	Max
Selectivity	1	2	0.77	0.55	0.38	1.16
	2	9	-0.01	0.71	-1.02	1.33
	3	11	-0.26	0.60	-1.13	0.69
	4	1	-0.14	.	-0.14	-0.14
Alignment	1	2	0.55	0.23	0.39	0.71
	2	9	0.01	0.83	-1.56	1.45
	3	11	-0.09	0.43	-0.73	0.48
	4	1	0.42	.	0.42	0.42
Harmonisation	1	2	0.65	0.52	0.28	1.02
	2	9	-0.12	1.03	-2.21	1.15
	3	11	-0.27	0.53	-1.41	0.55
	4	1	0.77	.	0.77	0.77
Specialisation	1	2	-0.12	0.26	-0.30	0.06
	2	9	-0.23	0.27	-0.60	0.25
	3	11	-0.25	0.27	-0.77	0.12
	4	1	0.02	.	0.02	0.02
Overall	1	2	0.62	0.52	0.25	0.99
	2	9	-0.13	0.85	-1.72	0.92
	3	11	-0.30	0.40	-1.11	0.38
	4	1	0.40	.	0.40	0.40

Source: Knack et al. (2010)

**Table A14: Mean differences in overall Knack Index scores across models**

	Model 1	Model 2	Model 3	Model 4
Model 1		0.747	0.915*	0.220
Model 2			0.167	-0.527
Model 3				-0.695

Source: Knack et al. (2010)

Notes \*  $p < 0.05$ , \*\*  $p < 0.01$ , \*\*\*  $p < 0.001$ ; Positive numbers imply the left-hand side has higher mean values.

**Table A15: Summary statistics – Knack Index by cabinet-rank minister**

Measure	Level	Obs.	Mean	Std. Dev.	Min	Max
Selectivity	No Cabinet Minister	5	-0.45	0.53	-1.02	0.10
	Cabinet Minister	18	0.04	0.67	-1.13	1.33
	Total Sample	23	-0.07	0.66	-1.13	1.33
Alignment	No Cabinet Minister	5	-0.12	1.09	-1.56	1.45
	Cabinet Minister	18	0.07	0.45	-0.73	0.71
	Total Sample	23	0.03	0.62	-1.56	1.45
Harmonisation	No Cabinet Minister	5	-0.30	1.21	-2.21	1.15
	Cabinet Minister	18	-0.03	0.67	-1.41	1.02
	Total Sample	23	-0.08	0.79	-2.21	1.15
Specialisation	No Cabinet Minister	5	-0.12	0.17	-0.31	0.12
	Cabinet Minister	18	-0.25	0.27	-0.77	0.25
	Total Sample	23	-0.22	0.26	-0.77	0.25
Overall	No Cabinet Minister	5	-0.33	0.94	-1.72	0.92
	Cabinet Minister	18	-0.07	0.57	-1.11	0.99
	Total Sample	23	-0.12	0.65	-1.72	0.99

Source: Knack et al. (2010)

**Table A16: Summary statistics – QuODA Indices by model**

Measure	Model	Obs.	Mean	Std. Dev.	Min	Max
ME	1	6	-0.16	0.12	-0.29	-0.01
	2	27	-0.08	0.32	-0.70	0.46
	3	30	-0.19	0.28	-0.76	0.40
	4	3	0.15	0.10	0.05	0.25
FI	1	6	0.49	0.43	-0.05	0.96
	2	27	-0.12	0.67	-1.92	1.08
	3	30	-0.08	0.37	-0.84	0.53
	4	3	0.34	0.10	0.25	0.44
RB	1	6	0.02	0.44	-0.51	0.45
	2	27	0.06	0.46	-0.91	0.77
	3	30	-0.27	0.31	-0.91	0.24
	4	3	0.38	0.19	0.26	0.59
T&L	1	6	0.18	0.20	-0.15	0.45
	2	27	0.01	0.44	-0.93	0.73
	3	30	-0.28	0.45	-1.05	0.37
	4	3	0.30	0.24	0.05	0.51

Source: Birdsall et al. (2014)

**Table A17: Summary statistics – QuODA Indices by cabinet-rank minister**

Measure	Level of Representation	Obs.	Mean	Std Dev.	Min	Max
ME	No Cabinet Minister	15	0.01	0.35	-0.50	0.46
	Cabinet Minister	51	-0.17	0.26	-0.76	0.40
FI	No Cabinet Minister	15	0.02	0.56	-1.24	1.08
	Cabinet Minister	51	-0.04	0.54	-1.92	0.96
RB	No Cabinet Minister	15	-0.05	0.48	-0.91	0.77
	Cabinet Minister	51	-0.09	0.41	-0.91	0.65
T&L	No Cabinet Minister	15	-0.20	0.54	-0.84	0.73
	Cabinet Minister	51	-0.06	0.43	-1.05	0.59

Source: Birdsall et al. (2014)

**Table A18: Summary statistics – CDI by model**

Measure	Model	Obs.	Mean	Std. Dev.	Min	Max
Overall	1	24	6.25	0.75	4.00	7.20
	2	101	5.23	0.63	3.70	6.50
	3	109	4.85	1.00	2.90	7.20
	4	11	5.60	0.19	5.30	5.90
Aid	1	24	10.21	3.03	0.80	14.10
	2	101	4.78	2.53	0.90	11.40
	3	109	4.07	3.35	0.50	14.70
	4	11	5.35	0.92	4.10	7.00
Trade	1	24	3.94	1.61	1.20	5.60
	2	101	5.49	1.40	1.80	8.10
	3	109	4.61	1.81	-1.40	7.20
	4	11	5.32	0.41	4.80	5.80
Finance	1	24	5.59	0.35	4.80	6.20
	2	101	4.72	0.81	2.70	6.30
	3	109	4.75	0.93	2.80	6.20
	4	11	5.49	0.25	5.20	5.90
Measure	Model	Obs.	Mean	Std. Dev.	Min	Max
Migration	1	24	5.85	2.09	1.80	9.70
	2	101	5.22	2.32	0.90	13.70
	3	109	5.51	2.22	1.30	11.50
	4	11	5.12	0.67	3.90	5.80
Environment	1	24	4.72	1.77	2.20	7.60
	2	101	5.48	1.55	1.90	8.60
	3	109	5.59	1.33	2.60	7.80
	4	11	6.92	0.31	6.20	7.30
Security	1	24	8.24	1.82	3.70	11.40
	2	101	6.23	1.12	3.40	8.40
	3	109	4.19	1.27	0.30	6.30
	4	11	6.46	0.79	5.30	7.60
Technology	1	24	5.19	0.97	2.50	6.60
	2	101	4.73	1.09	2.60	7.40
	3	109	5.22	0.79	3.60	7.00
	4	11	4.55	0.38	4.20	5.20

Source: CgDev (2014)

**Table A19: Summary statistics – CDI by cabinet-rank minister**

Level of Representation	Measure	Obs.	Mean	Std. Dev.	Min	Max
No Cabinet Minister	Overall	57	5.05	0.52	4.00	6.30
Cabinet Minister	Overall	188	5.22	1.00	2.90	7.20
No Cabinet Minister	Aid**	57	3.87	2.06	0.80	8.90
Cabinet Minister	Aid**	188	5.37	3.64	0.50	14.70
No Cabinet Minister	Trade	57	4.94	0.47	3.90	5.70
Cabinet Minister	Trade	188	4.94	1.88	-1.40	8.10
No Cabinet Minister	Finance***	57	5.31	0.41	4.70	6.20
Cabinet Minister	Finance***	188	4.71	0.92	2.70	6.30
No Cabinet Minister	Migration*	57	4.86	2.51	1.80	13.70
Cabinet Minister	Migration*	188	5.57	2.09	0.90	11.70
No Cabinet Minister	Environment	57	6.21	0.80	3.90	7.70
Cabinet Minister	Environment	188	5.31	1.59	1.90	8.60
No Cabinet Minister	Security	57	5.14	1.43	2.60	7.40
Cabinet Minister	Security	188	5.65	1.92	0.30	11.40
No Cabinet Minister	Technology**	57	5.06	1.28	2.50	7.40
Cabinet Minister	Technology**	188	4.96	0.85	2.60	7.00

Source: CgDev (2014) Notes: \*  $p < 0.05$ , \*\*  $p < 0.01$ , \*\*\*  $p < 0.001$







**Overseas Development Institute**

203 Blackfriars Road

London SE1 8NJ

Tel +44 (0)20 7922 0300

Fax +44 (0)20 7922 0399

[www.odi.org](http://www.odi.org)

[info@odi.org](mailto:info@odi.org)

ODI is the UK's leading independent think tank on international development and humanitarian issues.

Readers are encouraged to reproduce material for their own publications, as long as they are not being sold commercially. As copyright holder, ODI requests due acknowledgement and a copy of the publication. For online use, we ask readers to link to the original resource on the ODI website. The views presented in this paper are those of the author(s) and do not necessarily represent the views of ODI or our partners.

© Overseas Development Institute 2015. This work is licensed under a Creative Commons Attribution-NonCommercial Licence (CC BY-NC 3.0).



Utanríkismálanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. apríl 2015

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands o.fl. (skipulag). Þingskjal 1004 - 579. mál.

Virðingarfyllst,  
f.h. Rauða krossins á Íslandi,



Hermann Ottósson,  
framkvæmdastjóri.



# UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

frumvarp til laga um breytingu á lögum um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands o.fl. (skipulag).

**144. löggjafarþing 2014–2015.**

**Þingskjal 1004 - 579. mál.**

Rauði krossinn á Íslandi þakkar fyrir það tækifæri sem hér gefst til umsagnar á ofangreindu frumvarpi.

Rauði krossinn á Íslandi er hluti af Alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans og vinnur að margs konar verkefnum á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar í samvinnu við systurfélög sín, Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans og Alþjóðaráð Rauða krossins. Tvíhliða þróunarsamvinna Rauða krossins á Íslandi nær aftur til ársins 1990 en fyrir þann tíma starfaði félagið og studdi þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð í gegnum Alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans.

Sem hluti af alþjóðahreyfingu vinnur Rauði krossinn á Íslandi jafnframt að því að kynna og gera grein fyrir mikilvægi alþjóðlegra mannúðarlaga ásamt því að vinna að því að Ísland virði þjóðréttarlegar skuldbindingar sínar í samræmi við aðild sína að Genfarsamningunum fjórum frá 1949, viðaukum við þá frá 1977 og 2005, sem og aðrar skuldbindingar á sviði mannúðarréttar. Alþjóðleg mannúðarlög gilda þar sem vopnuð átök eiga sér stað og geta því mögulega varðað þann hluta frumvarpsins sem snýr að breytingu á lögum um íslensku friðargæsluna, sbr. 12. gr. frumvarpsins.

Umsögn sína um frumvarp þetta byggir Rauði krossinn á ofangreindu auk grundvallahugsjóna Rauða kross hreyfingarinnar um mannúð, óhlutrægni og hlutleysi, sem og stefnu Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans og áratuga löngu starfi á sviði þróunarsamvinnu auk aðstoðar vegna náttúruhamfara eða hamfara af manna völdum.

## **Almennar athugasemdir**

Þegar lög um alþjóðlega þróunarsamvinnu voru endurskoðuð á 135. löggjafarþingi gerði félagið athugasemdir við það frumvarp sem lutu að því að skilgreiningar á nokkrum lykilhugtökum skorti. Sömu leiðis gerði félagið sambærilegar athugasemdir við frumvarp til laga um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu á 133. löggjafarþingi. Er gerð grein fyrir hluta þeirra hér að neðan í umsögn um einstaka greinar frumvarpsins.

Þá minnir Rauði krossinn á þá ábendingu sína frá 7. apríl 2008 að í lögum um alþjóðlega þróunarsamvinnu er hvorki gert ráð fyrir fræðslu- og málsvarastarfi né upplýsingamiðlun til almennings um það hvernig skattfé og öðrum tekjum ríkissjóðs hefur verið varið til þróunarsamvinnu. Hvort sem slíkt ætti heima í lögum, reglugerð, framkvæmdaráætlun eða í öðru formi telur Rauði krossinn mikilvægt að fræðslu verði sinnt sem sérstöku verkefni svo tryggt sé að upplýsingar varðandi þróunarsamvinnu af Íslands hálfu séu aðgengilegar og opnar.

Rauði krossinn vekur athygli á að inntak núgildandi laga um alþjóðlega friðargæslu og hluti frumvarps þessa er um margt líkt. Í því sambandi er því velt upp hvort heppilegt sé þróunarsamvinnu sé sinnt

undir bæði lögum um friðargæslu sem og lögum um þróunarsamvinnu. Verður nánar gerð grein fyrir þessu sjónarmiði hér að neðan í athugasemdum um 1. gr. og 12. gr. frumvarps þessa.

Þá er vakin athygli á lágu framlagi Íslands til þróunarmála, sbr. umsögn um 6. gr. frumvarpsins. Í þessu samhengi er vert að nefna að skilgreining þróunarnefndar OECD (DAC) telur aðstoð við flóttafólk í tólf mánuði falla undir þróunarsamvinnu. Gildir þá einu hvort um sé að ræða umsækjendur um hæli, þá sem fá réttarstöðu sína sem flóttamanns viðurkennda eftir hælismeðferð eða þá flóttamenn sem ríkisstjórn Íslands býður hingað til lands í samvinnu við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, hérland móttökusveitarfélög og Rauða krossinn. Framlag til málefna flóttafólks á Íslandi gæti því verið einn liður Íslands í að auka framlög til þróunarmála.

## Athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins

### 1. gr.

Rauði krossinn gerir ekki athugasemdir við fyrri málslið greinarinnar en telur að seinni málsliðurinn, sem er svohljóðandi, þarfnist frekari skoðunar:

Það heyrir einnig til markmiða þessara að tryggja öryggi á alþjóðavettvangi, m.a. með því að stuðla að friði og gæta hans, vinna að uppbyggingu og gæslu friðar og veita mannúðaraðstoð þar sem hennar er þörf.

Að mati Rauða krossins er hér verið að gefa í skyn að markmið með mannúðaraðstoð geti verið að tryggja frið á alþjóðavettvangi. Það getur hins vegar aldrei verið tilgangur hjálparstarfs þótt það geti verið ein afleiðing þess. Að mati Rauða krossins er varhugavert að blanda saman þróunarsamvinnu og friðargæslu, sbr. hér gæslu friðar.<sup>1</sup> Inntak hugtaksins *friðargæsla*<sup>2</sup> í hefðbundnum skilningi er allt annað en inntak þróunarsamvinnu þó að margt kunni að virðast sameiginlegt. Það á bæði við um forsendur og framkvæmd og því færi betur á því að aðgreina þetta tvennt með ótvíræðum hætti. Þrátt fyrir að telja megi starfsemi friðargæslunnar undir DAC reglur OECD að verulegu leyti færi betur á því að hafa allt sem lýtur að starfsemi friðargæslu, sbr. „gæslu friðar“ í lögum um friðargæsluna en ekki í lögum um þróunarsamvinnu.

Þá er opið samkvæmt greininni að sami aðili sinni samtímis friðargæslu og mannúðaraðstoð en slík mannúðaraðstoð myndi varla uppfylla grunnskilyrði mannúðaraðstoðar um mannúð, óhlutdrægni, hlutleysi og sjálfstæði.

### Tillaga Rauða krossins:

Að eftirfarandi orðum verði sleppt í 1. gr. frumvarpsins, „að tryggja öryggi á alþjóðavettvangi, m.a. með og gæta hans ... og gæslu friðar“ og verði þá 3. mgr. 1. gr. laganna svohljóðandi í heild sinni:

Meginmarkmið með alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands eru að styðja viðleitni stjórnvalda í þróunarlöndum til að útrýma fátækt og hungri og stuðla að sjálfbærri þróun, þ.m.t. mannréttindum, menntun, bættu heilbrigði, jafnrétti kynjanna, umhverfis- og loftslagsvernd og viðbrögðum við loftslagsbreytingum, sjálfbærri nýtingu auðlinda og bættum efnahag. Það

<sup>1</sup> Sbr. einnig athugasemdir Rauða krossins frá 7. apríl 2008: <http://www.althingi.is/pdf/erindi/?lthing=135&dbnr=2053>

<sup>2</sup> Sjá nánar um hugtakið friðargæsla í athugasemdum Rauða krossins við frumvarp til laga um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu, dags. 2. mars 2007. Aðgengilegt á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/pdf/erindi/?lthing=133&dbnr=1370>

heyrir einnig til markmiða þessara að stuðla að friði, vinna að uppbyggingu í kjölfar hamfara eða átaka og veita mannúðaraðstoð þar sem hennar er þörf.

## 2. gr.

Rauði krossinn leggur ríka áherslu á að stofnanaminni Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og málefna þróunarsamvinnu glatist ekki. Lögð verði áhersla á að hlúa að starfsfólki á þann hátt að tryggt sé að reynsla þess og sérfræðipækking glatist ekki, heldur nýtist í áframhaldandi og mikilvægu framlagi Íslands til þróunarsamvinnu.

## 3. gr.

Samkvæmt 3. gr. verður Þróunarsamvinnunefnd skipuð 15 fulltrúum sem eiga að sinna þeim viðamiklu og mikilvægu verkefnum sem henni eru falin, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Rauði krossinn gerir ekki sérstakar athugasemdir við skipan nefndarinnar eða samsetningu aðra en þá að velja upp þeirri spurningu hvort nefndin geti annað þeim verkefnum sem henni eru falin samkvæmt 4. gr. frumvarps þessa nema að tryggt sé að hún geti hist nægjanlega oft til tryggja skilvirkni og upplýsta umfjöllun og eftir atvikum ákvörðunartöku.

## 4. gr.

Samkvæmt 3. gr. verður Þróunarsamvinnunefnd skipuð 15 fulltrúum sem eiga að sinna þeim viðamiklu og mikilvægu verkefnum sem henni eru falin. Nefndin skal meðal annars fjalla um:

- i. stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu og
- ii. aðgerðaáætlun þar að lútandi,
- iii. framlög til þróunarsamvinnu,
- iv. val á samstarfslöndum,
- v. þátttöku Íslands í starfi alþjóðastofnana á sviði þróunarsamvinnu, sem og
- vi. helstu skýrslur um árangur í þróunarsamvinnu.

Þá er tekið fram að nefndin skuli funda að lágmarki tvisvar á ári með ráðherra og að hún upplýsi utanríkismálanefnd reglulega um störf sín.

Sem fyrr segir gerir Rauði krossinn hvorki athugasemdir við verkefni nefndarinnar né skipan hennar en hefur ríkar áhyggjur af því að nefndin muni ekki anna þeim verkefnum sem henni er gert að sinna nema að tryggt sé að nefndin fundi nægjanlega oft. Leggur Rauði krossinn til að mælt verði fyrir í lögum að nefndin fundi að lágmarki þrisvar sinnum á ári til að tryggja að hún geti sinnt þeim verkefnum sem henni eru falin og að auki fundi hún tvisvar á ári með ráðherra. Þá mætti vera skýrara hver afrakstur nefndarinnar á að vera.

Í athugasemdum við greinina er „talið mikilvægt að nefndin hafi á starfstíma sínum möguleika á að fara í vettvangsferð til að fylgjast með framkvæmd alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands.“ Telur Rauði krossinn óraunhæft að svo stór nefnd fari í vettvangsferð til að fylgjast með framkvæmd verkefna enda yrðu slíkar ferðir dýrar og erfitt að réttlæta slíkan kostnað.

### Tillaga Rauða krossins

Rauði krossinn leggur til að 3. mgr. 4. gr. verði breytt þannig að hún verði svohljóðandi:

Nefndin fundar að lágmarki fimm sinnum á ári, þar af tvisvar á ári með ráðherra og upplýsir utanríkismálanefnd reglulega um störf sín.

#### 5. gr.

Rauði krossinn telur að skynsamlegt sé að leggja fram tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um alþjóðlega þróunarsamvinnu til fimm ára í senn enda sé stefnan þannig orðuð að nokkurt svigrúm sé til að laga aðgerðaráætlun á tveggja ára fresti að ástandi heimsmála hverju sinni. Þá er mikilvægt að tryggð sé að fjárlög hvers árs taki mið af stefnu stjórnvalda í þróunarsamvinnu, sbr. einnig umsögn við 6. gr. frumvarps þessa.

#### 6. gr.

Vakin er athygli á hlutfallslega lágu framlagi Íslands til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu, sbr. hér að ofan í almennum athugasemdum.

#### **Tillaga Rauða krossins:**

Lagt er til að að breytingar verði gerðar á 2. mgr. sem verði þá svohljóðandi:

Í stefnu stjórnvalda um alþjóðlega þróunarsamvinnu skal tilgreina áætlun um hvernig markmiðinu um að 0,7% af vergum þjóðartekjum verði náð með skýrum og áfangaskiptum tímasetningum. Á sama hátt skal tilgreina fyrirhugað hlutfall framlaga til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu af vergum þjóðartekjum og hvernig þau skulu skiptast á grundvelli stefnumiða Íslands í þróunarsamvinnu.

#### 12. gr.

Ekki eru gerðar athugasemdir við inntak 12. gr. frumvarpsins. Er þó vakin athygli utanríkismálanefndar á því að ekki er lengur að finna 3. mgr. 1. gr. núgildandi laga um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar á alþjóðlegum vettvangi. Núgildandi 3. mgr. 1. gr. er svohljóðandi:

Verkefni íslensku friðargæslunnar mega aldrei brjóta í bága við ákvæði mannúðar- og mannréttindasamninga.

Í framhaldsnefndarálitinu utanríkismálanefndar þann 17. mars 2007 var ofangreindri málsgrein bætt við 1. gr. laganna. Í nefndarálitinu er skýrt að „(h)elstu samningar sem hér um ræðir eru Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna frá 1948, samningar Evrópuráðsins um mannréttindi og má þar helst nefna samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 1950 (mannréttindasáttmála Evrópu), með breytingum og viðaukum, Evrópusamning um varnir gegn pyndingum og annarri ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, ásamt bókunum, Genfarsamningana frá 1949 auk ýmissa samninga Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi.“

Að mati Rauða krossins er sjálfsagt og eðlilegt að kveða á um það að borgaraleg friðargæsla brjóti ekki gegn alþjóðlegum skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist og telur mikilvægt að slíkt ákvæði verði áfram að finna í lögum um íslensku friðargæsluna. Sömuleiðis skuli hún taka mið af stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. orðalag 2. mgr. 1. gr. laga 121/2008 um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands.

#### **Tillaga Rauða krossins:**

Að bætt verði við 3. mgr. 12. gr. frumvarps þessa sem er svohljóðandi:

Verkefni íslensku friðargæslunnar skulu taka mið af stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna og mega aldrei brjóta í bága við ákvæði mannúðar- og mannréttindasamninga.

## Lokaorð

Þá vill Rauði krossinn vekja athygli utanríkismálanefndar á 6. gr. núgildandi laga um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar á alþjóðavettvangi enda þótt það sé ekki til umfjöllunar í frumvarpi þessu. Ákvæðið er svohljóðandi:

**6. gr.** Íslenskir friðargæsluliðar skulu í störfum sínum hafa í heiðri þær þjóðréttarlegu reglur sem Ísland er skuldbundið af og réttaráhrif hafa gagnvart einstaklingum. Friðargæsluliða er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt reglum og leiðbeiningum þeirrar stofnunar sem verkefnið annast, lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst eftir að látið er af starfi.

Telur Rauði krossinn mikilvægt að það sé skerpt á orðalagi og að fyrsta setning 6. gr. verði svohljóðandi:

**6. gr.** Íslenskir friðargæsluliðar skulu í störfum sínum lúta þeim þjóðréttarlegu reglum sem Ísland er skuldbundið af og réttaráhrif hafa gagnvart einstaklingum.

Að öðru leyti er ekki gerðar athugasemdir við 6. gr. núgildandi laga um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar á alþjóðavettvangi.

Fulltrúar Rauða krossins á Íslandi eru tilbúnir að hitta utanríkismálanefnd til að ræða ofangreind sjónarmið betur og gera grein fyrir þeim sé þess óskað.



ÞRÓUNARSAMVINNUSTOFNUN ÍSLANDS  
Rauðarárstígur 27, IS-105 Reykjavík  
Sími: + (354) 545 8980, bréfsími: + (354) 545 8985  
Netfang: [iceida@iceida.is](mailto:iceida@iceida.is) - Vefsíða: [www.iceida.is](http://www.iceida.is)

Utanríkismálanefnd Alþingis,  
Alþingi,  
Reykjavík.

Reykjavík 14. apríl 2015  
Tilvísun: ICE15030024/000  
EG/lj

## Umsögn frá Þróunarsamvinnustofnun Íslands um þingmál 579: „Frumvarp til laga um breytingu á lögum um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands, nr. 121/2008, með síðari breytingum.“

Þróunarsamvinnustofnun Íslands og starfsfólk hennar þakka fyrir tækifærið til að veita umsögn um frumvarp til breytinga á lögum númer 121/2008 (579. mál) um þróunarsamvinnu. Við undirstrikum þá erfiðu stöðu okkar að veita umsögn um frumvarp sem æðsti yfirmaður stofnunarinnar leggur fram og hefur það meginmarkmið að leggja stofnunina niður, en teljum okkur skylt að bregðast jákvætt við boði utanríkismálanefndar.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að það sé að verulegu leyti byggt á skýrslu sem Þórir Guðmundsson vann fyrir utanríkisráðuneytið á síðasta ári. Þróunarsamvinnustofnun og starfsfólk hafa í tvígang skilað umsögnum um tillögur Þóris. Fyrri umsögnin, dagsett 27. júní 2014, felur í sér andsvör við áfangaskýrslu Þóris. Seinni umsögnin, minnisblað til utanríkisráðherra dagsett 15. júlí 2014, inniheldur athugasemdir og tillögur tengdar skýrslunni í lokaútgáfu. Í bæði skiptin var tekið undir þá tillögu Þóris að innleiða kerfi árangursstjórnunar í íslenska þróunarsamvinnu, en jafnframt andmælt hugmyndum um að leggja stofnunina niður. Bæði skjölin fylgja hér með sem viðhengi.

### Athugasemdir við frumvarpið

Kjarninn í frumvarpinu er tillaga um að Þróunarsamvinnustofnun Íslands verði lögð niður. Í samræmi við fyrri athugasemdir viljum við ítreka að stofnun og starfsfólk eru andvíg því meginmarkmiði frumvarpsins að leggja stofnunina niður og flytja verkefni hennar inn í utanríkisráðuneytið. **Því er lagt til að þær greinar frumvarpsins sem að þessu líta, greinar 2, 6, 7, 11 og 14, verði felldar úr frumvarpinu.**

Annað meginmarkmið frumvarpsins er að breyta því fyrirkomulagi sem nú gildir um lýðræðislegt eftirlit með málaflokknum, með því að leggja niður Samstarfsráð um þróunarsamvinnu og

Þróunarsamvinnunefnd í núverandi formi og setja þess í stað á laggirnar nýja Þróunarsamvinnunefnd með beinni þátttöku Alþingis, þar sem Alþingi skal kjósa 5 af 13 nefndarmönnum.

Þróunarsamvinnustofnun telur sig ekki hafa mikið til málanna að leggja um það hvernig lýðræðislega kjörin yfirvöld kjósa að haga eftirliti með starfi stofnunarinnar og þeirra starfsmanna utanríkisráðuneytisins sem starfa við þróunarsamvinnu. Við teljum æskilegt að sjá meiri aðkomu Alþingis og teljum það í raun sjálfsagðan hluta af eftirliti að fjárveitingavaldið kynni sér með vissu millibili og beinum hætti hvernig fjármununum hefur verið varið.

### **Athugasemdir við greinargerð**

Fyrri athugasemdir stofnunarinnar (sjá viðhengi) sneru að skýrslu Þóris Guðmundssonar sem stuðst var við í samningu frumvarpsins. Að þessu sinni viljum við bæta við athugasemdum sem snúa beint að greinargerð með frumvarpinu, þó með tilvísun í þau megingögn sem greinargerðin vitnar til, en þau eru skýrsla Þóris og rýniskýrsla á vegum Þróunarsamvinnunefndar OECD ("DAC"). Í meginatriðum er það skoðun okkar að frumvarpið byggi á óljósum rökum og sé að auki ótímabært.

Byrja má á því að spyrja hvaða vandamál skipulagsbreytingunni er ætlað að leysa. Í greinargerð með frumvarpinu teljum við hvergi sýnt fram á að til staðar séu vandamál tengd tilveru Þróunarsamvinnustofnunar Íslands sem kalli á róttækar aðgerðir til úrbóta. Hið sama gildir um skýrslu Þóris Guðmundssonar. Þvert á móti er farið lofsamlegum orðum um starfsemi og starfshætti stofnunarinnar. Greinargerðin gefur reyndar í skyn að til staðar sé óhagræði og tvíverknaður og að Þróunarsamvinnustofnun starfi jafnvel ekki í takt við utanríkisstefnu Íslands. Þetta er hins vegar ekki stutt neinum dæmum og stofnuninni er ekki kunnugt um nein. Þvert á móti hefur stofnunin lagt sig fram við að sýna ráðdeild í rekstri (til dæmis var rekstrarkostnaður aðalskrifstofu árið 2014 18% lægri en hann var árið 2008; raunlækkunin var enn meiri) og dæmi um tvíverknað sem kalla á svo miklar breytingar þekkjum við ekki. Þá gæta starfsmenn stofnunarinnar þess ætíð að fylgja utanríkisstefnu Íslands til hins ítrasta og koma stefnu stjórnvalda vel til skila, óski utanríkisráðuneytið þess. Sem dæmi má taka umræðu um málefni samkynhneigðra í Úganda þar sem umdæmisstjóri Þróunarsamvinnustofnunar fylgdi fyrir mælum ráðuneytisins í öllum samskiptum við stjórnvöld og önnur framlagsríki. Þróunarsamvinnustofnun vinnur í einu og öllu í samræmi við Þróunarsamvinnuáætlun sem utanríkisráðherra mótar og Alþingi samþykkir.

Tillagan er ekki fram komin til sparnaðar. Ekki er gert ráð fyrir því að rekstrarkostnaður lækki við sameininguna - sjá m.a. umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytisins með frumvarpinu. Stofnunin hefur auk þess lagt áherslu á að halda kostnaði í skefjum og lækka hann þar sem því verður við komið, sjá t.d. fyrrnefndar tölur um aðalskrifstofu. Einnig má benda á að Þróunarsamvinnustofnun hefur unnið markvisst að því á undanförunum árum að byggja upp samstarf við erlendar stofnanir, m.a. með það að markmiði að auka fjármagn til þeirra verkefna sem stofnunin kemur að. Með því getum við dregið úr hlutfallslegum umsýslukostnaði við aðgerðirnar. Þannig hefur stofnunin samstarf við Norræna þróunarsjóðinn, sem leggur til jafn mikið fjármagn í jarðhitaverkefni ÞSSÍ í Afríku og íslensk stjórnvöld. Sama máli gegnir um samstarf við Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP) og Evrópusambandið í löndum Austur-Afríku. Fjármálastjórn er í föstum skorðum og Ríkisendurskoðun hefur ítrekað afgreitt ársreikninga stofnunarinnar án athugasemda. Engin fjárhagsleg rök virðast því vera fyrir því að leggja stofnunina niður.

ÞSSÍ vekur athygli á því að með því að færa stefnumótun, framkvæmd og eftirlit undir eitt ráðuneyti sem fari með alla þætti málaflokksins kunni að skapast stjórnsýslulegur vandi. Á það hefur enn



fremur verið bent að í því felist viss starfsháttavandi að sama skipulagsheild annist bæði hagsmunagæslu fyrir Íslands hönd og þróunarsamvinnu með hagsmuni fátækra ríkja að leiðarljósi. Stofnunin telur rétt að ráðuneytið styrki stefnumótunarhlutverk sitt og hafi ríkt eftirlit með þeim sem sjá um framkvæmd þróunarsamvinnu en feli fagstofnun beina framkvæmd.

Í greinargerð með frumvarpinu er vísað í rýni á vegum DAC, sem unnin var árið 2013. Utanríkismálanefnd hitti DAC teymið og hefur vafalaust fengið lokaskýrsluna til lestrar. Við bendum á megin tillögur skýrslunnar, t.d. á síðu 7, þar sem m.a. er talað um: „strengthening the leadership and management of Iceland's development co-operation, particularly the key roles played by the Ministry for Foreign Affairs and the Icelandic International Development Agency (ICEIDA)“, án þess að nokkurs staðar sé gefið í skyn að ástæða sé til að leggja þróunarsamvinnustofnun niður.

ÞSSÍ vekur athygli á því að í DAC skýrslunni eru fjölmargar tillögur sem til bóta gætu horft innan núverandi stofnanaramma og bregðast hefði mátt við strax. Það er rétt sem segir á blaðsíðu 5 í greinargerð með frumvarpinu að DAC teymið benti á að „fyrirkomulagið væri frábrugðið því sem gengur og gerist meðal aðildarríkja DAC“. Þeir starfsmenn ÞSSÍ sem tóku þátt í viðræðum við DAC teymið urðu varir við að úttektaaðilarnir veittu því eftirtekt að þrátt fyrir að til er stofnun, ÞSSÍ, sem lögum samkvæmt á að fara með tvíhliða aðstoð Íslands, fer utanríkisráðuneytið með liðlega helming þeirra fjármuna sem varið er í tvíhliða þróunarsamvinnu, samkvæmt skilgreiningu OECD. Það var því ekki tilvera sérstakrar stofnunar sem þeim þótti frábrugðin, enda algengt skipulagsform, heldur hve lítið af tvíhliða fjármunum fer til stofnunarinnar sem fer með tvíhliða þróunarsamvinnu samkvæmt lögum. Vert er að nefna að stofnunin hefur getu, verkferla og stöðu til að bæta við sig fleiri verkþáttum, eftir mikla vinnu og fjárfestingu á síðasta áratug við að styrkja fagleg, gagnsæ og skilvirk vinnubrögð.

Þá var einnig ljóst af samtölum að DAC teyminu þótti styrking á eftirliti, úttektum og árangursmælingum í íslenskri þróunarsamvinnu vera það verkefni sem væri mest aðkallandi (sjá t.d. tillögu 3.iii á síðu 7). Undir það tók þróunarsamvinnustofnun og hefur síðan unnið ötulllega að því að styrkja þann þátt enn frekar. Enn fremur lagði DAC teymið áherslu á meiri tengsl við almenning og mikilvæga haghafa, m.a. með öflugri útgáfustarfsemi (tillaga 3.iv á síðu 7). Að lokum má geta þess að athugasemdir DAC og þær áhyggjur sem settar voru fram um framkvæmd íslenskrar þróunarsamvinnu voru allar gerðar út frá væntingum um mikla árlega aukningu á framlögum til þróunarsamvinnu fram til 2019, þegar ætlað var að Ísland næði 0,7% markmiðinu.

Fram hefur komið að DAC mun að öllum líkindum standa fyrir jafningjarýni á íslenska þróunarsamvinnu árið 2016. Ætla má að sú rýni geti veitt viðbótarinnsýn sem nýst gæti í umfjöllun um langtíma skipulag íslenskrar þróunarsamvinnu. Því virðist skynsamlegt að fresta ákvörðunum um grundvallarbreytingar á skipulagi í málaflokknum þar til umsögn frá DAC liggur fyrir. Verði hins vegar ráðist í miklar breytingar nú er líklegt að rýni frá DAC muni ekki gagnast á næsta eða þar næsta ári fyrr en loks verður komin raunhæf reynsla á hvernig til hefur tekist.

Sum aðildarríki DAC hafa valið að koma þróunarsamvinnu fyrir að öllu leyti inni í utanríkisráðuneytum. Þau ríki eru þó í minnihluta innan DAC. Þessi skipulagslausn er umdeild og víða gagnrýnd af hálfu fagfólks. Því miður er okkur ekki kunnugt um neina alþjóðlega samanburðarrannsókn sem gefi svör við því hvaða skipulag sé líklegast til árangurs. Þó má benda á

skýrslu hollenska rannsóknarráðsins WRR1 frá árinu 2010 sem skoðaði skipulag í nokkrum löndum. Það mælti mjög með áherslu á faglega nálgun („professional organization“) og dró m.a. eftirfarandi ályktun: „the integration of aid within the Ministry of Foreign Affairs has resulted in much less attention to professionalism“. Á Írlandi virðist slíkt fyrirkomulag þó hafa heppnast vel en þá er nauðsynlegt að hafa í huga að Irish Aid hefur mikið sjálfstæði og er nánast sjálfstæð stofnun innan ráðuneytis, með eigið starfsfólk og heyrir undir eigin ráðherra.

#### Niðurstaða:

- ÞSSÍ telur ekki að fram hafi komið haldbær greining á þeim vanda sem sú breyting sem hér er lögð til eigi að leysa. Þvert á móti. Stofnunin þakkar það mikla lof sem störf hennar og verkefni hafa fengið við núverandi skipan og telur æskilegt að hún fái að starfa áfram á sömu braut.
- ÞSSÍ telur ekki að fram hafi komið greining sem sýni fram á þann meinta ávinning sem breytingin eigi að leiða í ljós. Við teljum að sýna verði fram á hann með skilgreindum mælikvörðum svo hægt verði að meta hlutlægt hvernig til hefur tekist í þessum mikilvæga málaflokki þegar reynsla er komin.
- ÞSSÍ telur að í rýniskýrslu DAC séu margar þarflegar ábendingar sem ætti að taka til greina innan núverandi stofnanaramma og fá að þeim úrbótum loknum utanaðkomandi rýni svo utanríkisráðherra og Alþingi megi vera sem best upplýst komi þá til álita að efna til breytinga.

Virðingarfyllt



Engilbert Guðmundsson  
framkvæmdastjóri

Afrit: Stefán Haukur Jóhannesson, ráðuneytisstjóri, utanríkisráðuneyti

---

<sup>1</sup> „The Netherlands Scientific Council for Government Policy (WRR): „Less Pretention, More Ambition“; tilvísun bls. 225

## Minnisblað

**Til:** Utanríkisráðherra  
**Frá:** Framkvæmdastjóra Þróunarsamvinnustofnunar Íslands  
**Dagsetning:** 16. júlí 2014  
**Málsnúmer:** ICE14060008/002-0

**Efni:** Skýrsla Þóris Guðmundssonar um þróunarsamvinnu Íslands

Skýrsla Þóris Guðmundssonar til utanríkisráðherra veltir upp áhugaverðum álitamálum um skipulag og framkvæmd þróunarsamvinnu sem full ástæða er til að skoða og ræða með það að markmiði að sem mestur árangur náist fyrir það takmarkaða fé sem sett er í málaflökkinn. Það er rétt athugað sem segir í skýrslunni á bls. 32: *”Ef almennur stuðningur á að vera við framlög til þróunarsamvinnu er úrslitaatriði að hægt sé að tryggja góða nýtingu fjárens og mæla hvaða árangur hefur náðst.”* Á þetta hefur Þróunarsamvinnustofnun lagt höfuðáherslu á undanförunum árum og skjalfest m.a. í stefnuplaggi undir heitinu ”Sýn og Starfshættir”. Allar breytingar á skipulagi, áherslum og verklagi ættu að hafa þetta að markmiði.

Áhugaverðasta tillagan í skýrslunni er að *”Kerfi árangursstjórnunar verði innleitt í allri þróunarsamvinnu”*. Innleiðing og framkvæmd slíkrar nálgunar væri verulegt framfaraskref til að tryggja góða nýtingu fjár og mælanlegan árangur. Þróunarsamvinnustofnun hvetur ráðherra til að setja í gang vinnu við innleiðingu árangursstjórnunar en bendir um leið á að slíkt er umfangsmikið og flókið verk. Árangursstjórnunin þarf að ná til þeirra verkefna sem ráðuneytið sinnir nú beint (fjölpjódlega samvinnu, tvíhliða samvinnu gegnum fjölpjóðlegar stofnanir, friðargæslu, neyðaraðstoð), skóla Sameinuðu þjóðanna og frjáls félagasamtök, auk Þróunarsamvinnustofnunar. Okkur þætti við hæfi að þetta yrði meginviðfangsefni utanríkisráðuneytisins í stjórnarsýslu þróunarsamvinnu á næstu árum.

Við getum tekið undir fleiri tillögur í skýrslunni, þar á meðal að stíga frekari skref í fjölpjóðlegri samvinnu með því að huga að aðild að Þróunarbanka Afríku. Við teljum einnig að Ísland eigi að huga að fullri þátttöku í IFAD (International Fund for Agricultural Development). Þá erum við því sammála að hægt sé að sjá aukinn hlut frjálsra félagasamtaka í þróunarsamvinnu framtíðar, en við leggjum áherslu á að gert verði mat á getu þeirra til ”að tryggja góða nýtingu fjárens og mæla hvaða árangur hefur náðst”.

Þegar kemur að tillögum um tvíhliða þróunarsamvinnu, og þá einkum starfsemi Þróunarsamvinnustofnunar, er ástæða til að doka við. Tillögurnar um að leggja niður Þróunarsamvinnustofnun og minnka almennt hlut tvíhliða samvinnu (sem verður afgangsstærð miðað við tillögur skýrslunnar um aukningu í fjölþjóðlegri samvinnu, aukningu í neyðar og mannúðaraðstoð, aukningu í ”borgarasamtök” og stofnun á nýju sendiráði, en litla aukningu á heildarframlögum) eru í undarlegu ósamræmi við það að í skýrslunni má víða sjá að einungis Þróunarsamvinnustofnun kemst nærri því að uppfylla skilyrðið um að ” tryggja góða nýtingu fjárens og mæla hvaða árangur hefur náðst”.

Við teljum mjög ólíklegt að það sé líklegt til að bæta árangur í þróunarsamvinnu, samkvæmt ofangreindri skilgreiningu Þóris, að flytja framkvæmdina inn í ráðuneytið. Við bendum líka á að slík breyting væri í andstöðu við þá stjórnsýsluhefð sem hefur myndast á Íslandi að ráðuneyti annist stefnumörkun og eftirlit og að stofnanir sjái um framkvæmd (og ÞSSÍ sér svo sannarlega um framkvæmd þótt skýrsluhöfundur geri lítið úr því). Ennfremur bendum við á samanburð við stjórnsýslu í öðrum ráðuneytum, til að mynda stöðu Vegagerðar, Fiskistofu og fleiri, og vörpum fram þeirri spurningu hvort einhverjum dytti í hug að flytja þessar stofnanir inn í ráðuneyti með svipuðum rökum og má finna í skýrslu Þóris.

Við bendum á að núverandi skipulag þróunarsamvinnu, sem okkur skilst að um sé þverpólitísk sátt, er ekki gamalt og hefur ekki haft langan tíma til að sanna ágæti sitt. Ennfremur er ástæða til að hafa í huga að á næstu árum mun Þróunarsamvinnunefnd OECD, DAC, gera jafningjarýni á íslenskri þróunarsamvinnu. Ástæða er því til að spyrja hvort ekki sé ótímabært að huga að meiriháttar skipulagsbreytingum í þróunarsamvinnu.

Við vörum einnig við því að fækka samstarfslöndum Íslands enn frekar – þeim hefur þegar verið fækkað úr sex í þrjú – án miklu meiri greiningar á kostum og göllum, þar á meðal á kostnaði við framkvæmd og áhrifum á mannauð í þróunarsamvinnu. Greining skýrslunnar á kostnaði við framkvæmd er afar takmörkuð og án tengingar við þær afurðir (t.d. skóla, sjúkrahús, löndunarstaði, jarðhitarannsóknir) sem framleiddar eru eða þann árangur (t.d. læs börn, lifandi börn og mæður, efnaðri fiskimenn, orkufyrirtæki með nýtanleg jarðhitasvæði) sem er hinn endanlegi mælikvarði á starfið. Þá þykir okkur áherslan á fækkun samstarfslanda í tvíhliða samvinnu til sparnaðar skjóta skökku við tillögu um að huga að stofnun nýs sendiráðs. Í heild virðast tillögurnar ekki fela í sér neinn sparnað.

Í ljósi þessa viljum við koma eftirfarandi óskum og tillögum til ráðherra varðandi meðferð á skýrslu Þóris:

1. Ekki verði hugað að breytingum á því skipulagi sem komið var á með lögnum frá 2008 fyrir en að lokinni jafningjarýni DAC.
2. Leitað verði álits Ríkisendurskoðunar á tillögum um skipulagsbreytingar, sem ráðherra kynni að vilja íhuga nánar, til að fá faglegt álit á því hve vel slíkar tillögur falla að nútíma hugmyndum um góða stjórnsýslu á Íslandi. Einnig mætti íhuga að leita álits sérfræðinga í stjórnsýslu innan háskólasamfélagsins.
3. Fylgt verði hvatningu Þóris Guðmundssonar um opna umræðu um skýrsluna, þar á meðal í Samstarfsráði um þróunarsamvinnu og Þróunarsamvinnunefnd.

4. Þróunarsamvinnustofnun fái tækifæri til að kynna betur fyrir ráðherra athugasemdir við einstaka kafla og tillögur skýrslunnar.

Ég vil síðan nota þetta tækifæri til að bjóða ráðherra í heimsókn í stofnunina til að fá kynningu á starfseminni og þeim árangri sem við höfum náð, óháð efni skýrslunnar.

Að lokum vil ég þakka ráðherra kærlega fyrir þau skilaboð sem hann bað mig um til starfsfólks ÞSSÍ um að enginn þyrfti að óttast um starfsöryggi sitt ef svo færi að stofnunin yrði lögð niður.

Virðingarfyllt

Engilbert Guðmundsson



Afrit:

Einar Gunnarsson, ráðuneytisstjóri

María Erla Marelsdóttir, skrifstofustjóri



## Er líklegt að breytingar bæti árangur?

### -athugasemdir Þróunarsamvinnustofnunar Íslands við skýrslu Þóris Guðmundssonar

Þróunarsamvinnustofnun, ÞSSÍ, þakkar fyrir að gefast tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum við skýrslu Þóris Guðmundssonar „Þróunarsamvinna Íslands – skipulag, skilvirkni, árangur.“ Sérstaklega er fagnað því sem segir í upphafi að nota eigi skýrsluna til „að kalla fram umræður um hvernig megi gera þróunarsamvinnu Íslendinga ennþá betri.“ Hér hefði verið æskilegt að fram kæmi skilgreining á skilningi skýrsluhöfundar á því hvað væri „betri“ þróunarsamvinna og hvernig sá skilningur vísar í alþjóðasamþykktir og viðmið um framkvæmd þróunarsamvinnu. Í þessu samhengi er engu að síður mikilvægt að sjá að höfundur setur fram kosti til skoðunar, en ekki sem tillögur. Við hvetjum til vandaðrar umræðu við áhugafólk og haghafa, ekki bara um þessa áfangaskýrslu heldur enn frekar um lokaskýrslu og tillögur. Með þeim hætti fær utanríkisráðherra sem best veganesti til ákvarðanatöku.

ÞSSÍ tekur undir með þróunarsamvinnunefnd OECD, DAC, sem hvetur til upplýstrar umræðu um málefni alþjóðlegrar þróunarsamvinnu á Íslandi. Slík umræða verður að mati ÞSSÍ að vera á forsendum alþjóðlegrar þróunarsamvinnu eins og hún er skilgreind af DAC, snúast um þau grundvallaratriði og viðmið sem alþjóðleg þróunarsamvinna miðast við og þannig endurspeglar þær alþjóðlegu samþykktir og samninga sem Ísland er aðili að. Þetta alþjóðlega umhverfi mótar þau ytri skilyrði sem þróunarsamvinna Íslands hefur til að hámarka skilvirkni, gæði og árangur þess framlags sem fer í málaflokkinn.

Athugasemdir ÞSSÍ fjalla einkum um atriði sem snúa að tvíhliða þróunarsamvinnu og starfsemi stofnunarinnar. Þó verður vikið að öðrum atriðum eins og okkur þykir tilefni til.

### ALMENNT

Skýrslan er afar viðamikil og fjallar bæði um skipulag og innihald þróunarsamvinnu. Það skortir hins vegar að verulegu leyti tengingu þeirra valkosta sem kynntir eru við þau markmið sem sett eru íslenskri þróunarsamvinnu og árangursmarkmið. Ennfremur skortir í skýrsluna lykilspurninguna um það hvaða markmiðum skuli náð með tillögum og þá um leið hvernig hægt verði á seinni stigum að svara því hvort þau hafi náðst. Það vantar rannsóknarspurninguna, svo notað sé tungutak sérfræðinnar í úttektum og árangursmati.

Þúsaldarmarkmiðin, sem leggja áherslu á að minnka sárafátækt um helming og ná tilsvarendi framförum í grunnmenntun, mæðra- og barnaheilbrigði og aðgangi að vatni, eru opinber meginmarkmið íslenskrar þróunarsamvinnu samkvæmt Þróunarsamvinnuáætlun.

Í Þróunarsamvinnuáætlun er einnig sérstök áhersla lögð á hugtakið árangur: „...allir þættir þróunarstarfsins, stjórnun, verklag og aðferðafræði verkefna stuðli að því að árangur þróunarsamvinnu

*verði sem mestur.*” Þarna eru áherslur íslenskra stjórnvalda mjög í takt við breyttar áherslur alþjóðasamfélagsins. Áhersla fyrri ára á mælingu á aðföngum (inputs) og afurðum (outputs) hefur í vaxandi mæli vikið fyrir áherslu á að mæla árangur (outcome) í formi framfara í menntun (t.d. fjöldi barna sem lýkur grunnskóla og kann að lesa og reikna), framfara í heilbrigðismálum (t.d. minnkun barnadauða), fækkunar þeirra sem lifa undir fátæktarmörkum (sem er afar hagvaxtartengdur árangursmælikvarði) og svo framvegis. Skýrslan nær ekki að tengja umfjöllun um skipulag og rekstur við árangur og markmið svo neinu nemi. Þannig er í kaflanum um stofnun eða ráðuneyti ekki greining á því hvor leiðin sé líklegri til að stuðla að betri árangri í tvíhliða samvinnu, heldur er einungis velt upp væntingum um að breytt skipulag geti orðið til þess að sama magni af aðföngum (inputs) sé hægt að skila með ódýrari hætti.

Skorturinn á tengingu hugmynda sem fram eru settar við ákveðin þróunarmarkmið og árangur gerir niðurstöðuna á köflum þversagnakennda. Þannig er fjallað með gagnrýnum hætti um kostnað vegna útsendra starfsmanna ÞSSÍ meðan sambærilegur kostnaður við að koma íslenskum starfsmanni til annarra stofnana, á kostnað Íslands, er skilgreindur sem árangur í sjálfu sér. Íslendingur sem vinnur á skrifstofu ÞSSÍ í Lilongve er talinn kostnaður meðan Íslendingur sem vinnur hliðstætt starf á skrifstofu World Food Program í sömu borg er talinn jákvæður árangur í sjálfu sér, þótt íslensk þróunarsamvinna greiði fyrir bæði störfín.

ÞSSÍ hefur á undanförunum árum lagt mikla áherslu á að auka vægi árangurs og getu stofnunar og starfsmanna til að starfa að árangursmiðaðri þróunarsamvinnu. Skipulagi stofnunarinnar var breytt til að auka áhersluna á árangur. Skipaður var sviðsstjóri yfir undirbúning verkefna, sem hefur það hlutverk að tryggja sem best gæði verkefna frá byrjun, nokkuð sem úttektir fjölþjóðlegra stofnana sýna að getur skipt sköpum (sjá t.d. Quality at entry áherslu Alþjóðabankans). Þá setti stofnunin árið 2011 sér markmið um verklag byggð á Parísaryfirlýsingunni með mælanlegum árangri sem átti að ná árið 2014 og kæmi stofnuninni í fremstu röð í góðum vinnubrögðum. Þessum markmiðum hefur þegar verið náð að mestu og munu nást að fullu við árslok 2014. Því leggur stofnunin áherslu á að *höfuðmælikvarði á allar tillögur um skipulag, verklag og innihald í þróunarsamvinnu verði sá hvort líklegt sé að breytingar bæti árangur.*

Í ljósi þess hve framlög Íslands til þróunarsamvinnu eru lág miðað við t.d. Norðurlönd (og Nordic+ lönd: Holland, Írland og Bretland) teljum við að leggja beri sérstaka áherslu á gæði þróunarsamvinnu, þannig að við séum a.m.k. ekki eftirbátar að því leyti. ÞSSÍ leggur gjarnan gæði eigin starfsemi fram til gagnrýninnar skoðunar, en væntir þess um leið að hið sama gildi þá um aðra þátttakendur og að allir aðilar séu skoðaðir með sambærilegu stækkunargleri.

Að lokum má benda á að aðeins þriggja ára reynsla er komin á framkvæmd fyrstu þróunarsamvinnuáætlunar Íslands. Spyrja má hvort ekki sé ástæða til að bíða uns meiri reynsla er komin á framkvæmdina og mögulegar brotalamir áður en róttækar hugmyndir um breytt skipulag eru kynntar til sögunnar.

## SKIPULAG OG FRAMKVÆMD

Í skýrslunni er velt upp þremur kostum um skipulag. Einn þeirra (valkostur 2) er tillaga um lagfæringar á núverandi fyrirkomulagi, meðan tveir (valkostur 1 og 3) leggja til róttækari breytingar, þ.e. að ÞSSÍ renni inn í utanríkisráðuneytið og verði hluti af þróunarsamvinnuskrifstofu eða ÞSSÍ taki við flestum helstu hlutverkum þróunarsamvinnuskrifstofu, sem verði lögð niður, en stefnumótun verði verkefni á alþjóða- og öryggisskrifstofu (sjá bls. 5-6). Ljóst er að valkostir 1 og 3 fela í sér að leggja verður til breytingar á lögum nr. 121 frá 2008 um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands.

Ítarleg umræða um stjórnsýslulega stöðu ÞSSÍ var tekin með skipulögðum og upplýstum hætti í aðdraganda að setningu laga nr. 121 árið 2008. Sú ákvörðun sem þar var tekin byggði á þeim grundvallarsjónarmiðum opinberrar stefnumótunar sem nú einkenna nútíma stjórnsýsluhætti í vestrænum ríkjum. Það fyrirkomulag á framkvæmd alþjóðlegrar þróunarsamvinnu sem nú er fylgt endurspeglar þá niðurstöðu sem þar fékkst. Þá byggjast allar áætlanir sem nú hafa verið samþykktar og unnið er eftir á staðfestingu og viðurkenningu á þessu skipulagi þó einstaka þætti þessa fyrirkomulags megi styrkja eins og m.a. lagt er til í skýrslu þróunarsamvinnunefndar OECD, DAC, frá febrúar 2013.

ÞSSÍ telur því að hugmyndir að meiriháttar breytingum á skipulagi og framkvæmd alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands séu ótímabærar. Það skipulag sem samþykkt var á sínum tíma hefur ekki verið innleitt að fullu og því ekki fengið tækifæri til að sýna ágæti sitt. Þá er ákveðin hættá á því að ýmis þau atriði sem einnig eru rædd í skýrslu höfundar falli í skuggann og fái því ef til vill ekki þá umfjöllun sem þeim ber. Þannig gætu mikilvæg áherslu- og framkvæmdatriði um það hvernig ná má betri árangri í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslendinga innan þess fyrirkomulags sem staðfest hefur verið af Alþingi og viðurkennt af DAC fallið í skuggann við að umræða um ákvörðun sem þegar hefur verið tekin með lögformlegum og lýðræðislegum hætti er aftur sett á dagskrá og stefnumarkandi umræða í málaflóknum jafnvel sett á byrjunarreit, án þess að tækifæri gefist til að draga lærdóm af því skipulagi sem unnið er eftir m.a. með því að fá þá alþjóðlega jafningjarýni sem að er stefnt með aðild Íslands að DAC.

Skipulag þarf öðru fremur að taka mið af þeim markmiðum sem stjórnvald, stofnun eða fyrirtæki stefnir að. Breytingar á skipulagi þurfa því fyrst og fremst að auka líkurnar á því að árangur náist í átt að skilgreindum markmiðum. Íslensk þróunarsamvinnuáætlun koma sem fyrr segir fyrst og fremst fram í þróunarsamvinnuáætlun (með tilvísun í lög og reglugerðir). Um þau ríkir pólitísk eining sem sést best á því að þróunarsamvinnuáætlun hefur verið samþykkt í tvígang á þingi nánast án mótatkvæða. Grunnstefin um ábyrgð, árangur og áreiðanleika eru þar í fyrirrúmi, auk beinnar tilvísunar í þúsaldarmarkmiðin og sjö skilgreinda áherslupætti. Umtalsverðar breytingar á skipulagi þyrftu því með gildum rökum að vera líklegri til að bæta frammistöðu með tilvísun til þessara atriða. Þar hlýtur spurningin um faglega dýpt og um „árangursmenningu“ stofnunar eða ráðuneytis að veða þungt, og einnig markmiðið að vera í fremstu röð í góðum vinnubrögðum í þróunarsamvinnu til að ná sem mestum árangri út úr hverri krónu.

ÞSSÍ hefur sem fyrr segir lagt mikla áherslu á að bæta verklag og árangursáherslur. Þetta gildir bæði um stofnun og einstaka starfsmenn, en margir starfsmenn hafa sótt sér endurmenntun undanfarin þrjú ár.



Við höfum sameiginlega unnið að því að festa árangursmenninguna í sessi í öllu sem gert er. Því hlýtur stofnunin að spyrja hvort líklegt sé að flutningur tvíhliða samvinnu inn í ráðuneyti styrki frekar árangursáherslur í þróunarsamvinnu og skili meiri faglegri dýpt. Verðum við „betri“ við slíka breytingu?

Ríkisendurskoðun og Þróunarsamvinnunefnd OECD (OECD-DAC) hafa hvorar um sig bent á veikleika í framkvæmda- og árangurseftirliti ráðuneytisins með starfsemi ÞSSÍ og annarri þróunarsamvinnu. Ástæða er til að velta því fyrir sér hvort það sé líklegt til að bæta eftirlitið ef ráðuneytið verður komið með framkvæmdina á eigin herðar (sjá tillögu 1) og hafi því eftirlit með sjálfu sér. Á það má benda að þær umbætur sem hafa verið gerðar, sem svar við gagnrýni Ríkisendurskoðunar, hafa ekki síður verið unnar af starfsmönnum ÞSSÍ en ráðuneytisins.

Samhliða spurningunni um árangurssækni skipulagsbreytinga þykir okkur mikilvægt að svara eftirfarandi lykilspurningu: Hvaða skipulagsform er í besta samræmi við það sem almennt er talin góð stjórnsýsla? Á síðu 39 í skýrslunni er vísað til þeirrar þróunar sem orðið hefur í íslenskri stjórnsýslu á seinni árum, þar sem meginreglan virðist vera að ráðuneyti fari með stefnumörkun og eftirlit en sérfræðistofnanir sjái um framkvæmd, og viðurkennt að hugmyndin um að ÞSSÍ renni inn í ráðuneytið gangi „í raun gegn nýskipaninni“.

Ef lagt yrði til að ÞSSÍ rynni inn í ráðuneytið þætti okkur einboðið að leita þyrfti stjórnsýsluálits á þeirri skipan mála. Eðlilegt væri að álits Ríkisendurskoðunar væri leitað og þá kæmi einnig mjög til álita að leita til stjórnsýslusérfræðinga, t.d. við Háskóla Íslands eða annan háskóla.

Skýrsluhöfundur hefur heimsótt nokkur lönd til að leita samanburðar um mismunandi skipulagsform. Eins og vænta mátti gildir hvarvetna fastheldni. Þar sem stofnanir annast framkvæmd vilja menn halda því áfram og þar sem ráðuneyti annast framkvæmd er það talið betra. Það gerir auðvitað erfiðara um vik við mat á heppilegri skipulagslausn að ekki liggur fyrir nein alþjóðleg samanburðarkönnun á kostum og göllum mismunandi skipulagsforma í þróunarsamvinnu. Það sem þó kemst næst því er álit sérfræðingahóps sem gerði úttekt á hollenskri þróunarsamvinnu fyrir fáeinum árum<sup>1</sup>. Sá hópur komst að þeirri niðurstöðu að það bæri að koma á laggirnar þróunarsamvinnustofnun til að auka gæði starfsins. Þá má einnig minna á umræðu í Svíþjóð á síðasta ári þar sem félagasamtök þar í landi lögðu til að þróunarsamvinnustofnun Svía, Sida, tæki yfir alla framkvæmd á sænskri þróunarsamvinnu.

Á síðu 43 er að finna samansafn af ýmsum rökum fyrir því að ÞSSÍ renni inn í ráðuneytið. Gott fyrsta skref í greiningu á þeim gæti verið að skoða rökin með almennari hætti. Þannig mætti t.d. skipta út ÞSSÍ og utanríkisráðuneyti og segja í staðinn Vegagerð (að verulegu leyti verkefnastofnun) og ráðuneyti samgöngumála og spyrja hvort þau rök sem þarna eru tínd til yrðu talin góð og gild til þess að flytja Vegagerðina inn í ráðuneytið. Þá þætti okkur ástæða til að efast um að úr „tvíverknaði og margvíslegu óhagræði í rekstri“ myndi draga við að fela ráðuneytinu framkvæmd tvíhliða aðstoðar á vettvangi. Ennfremur þykir okkur það orka mjög tvímælis að það sé vandamál ef sérfræðipækning í stofnun er meiri en í ráðuneyti. Slíkt er eðlilegt og sjálfsagt við fjölmargar aðstæður. Að lokum virðist okkur valkostur 1

<sup>1</sup> WRR report: Less pretension, more ambition. Development aid that makes a difference.

um að flytja verkefni inn í ráðuneytið til að tryggja þekkingu og yfirsýn á einum stað í stjórnkerfinu ganga þvert gegn hugmyndinni um að framselja úrvinnslu umsókna um framlög til félagasamtaka til utanaðkomandi aðila. Það er hins vegar fullgild hugmynd að færa úrvinnslu umsókna til sérhæfðrar stofnunar í opinberum rekstri sem kann til slíkra verka.

Í skýrslunni kemur fram að umdæmisskrifstofur ÞSSÍ í Úganda, Malaví og Mósambík hafa stöðu sendiráðs. Rétt er að taka sérstaklega fram að þessar skrifstofur eru fyrst og fremst umdæmisskrifstofur fyrir tvíhliða þróunarsamvinnu og meginhlutverk þeirra er að vinna að henni. Að þær hafi stöðu sendiráðs þótti á sínum tíma, og þykir enn, hafa mikilvægt gildi gagnvart stjórnvöldum í landinu í hinu eiginlega þróunarsamvinnustarfi, og fyrir starfsmenn sem fá öruggari sess og réttindi en ella til að gegna störfum sínum. Jafnframt hafa skrifstofurnar tekið að sér ýmiss konar þjónustu sem sendiráð fyrir utanríkisráðuneytið: haldið uppi grunnþjónustu fyrir Íslands hönd, utanríkisráðuneytinu algjörlega að kostnaðarlausu, og fjölmörgum erindum sinnt, eins og borgarþjónustu, viðskiptaþjónustu, utankjörstaðaratkvæðagreiðslum og alþjóðlegu kosningaeftirliti og svo framvegis. Þá taka umdæmisstjórar ÞSSÍ þátt í umræðum ríkja og stofnana um pólitík og efnahag – og samningu og samþykkt ályktana ríkja og stofnana, í samráði við utanríkisráðuneytið þegar við á. Einkum varða þessi málefni þó stöðu þróunarsamvinnu í löndunum hverju sinni. ÞSSÍ kann engin dæmi þess að óskir utanríkisráðuneytis til skrifstofanna hafi ekki fengið farsæla úrlausn og engin dæmi eru um að skrifstofurnar hafi ekki sinnt hlutverki sínu eins og ætlast er til. Ísland ber engan aukalegan kostnað af þessari formlegu stöðu skrifstofanna, en nýtur í vissum tilvikum hagræðis.

Þar sem skýrslan vísar að „alvöru“ sendiráðum er einfaldlega um aðra hluti að ræða.

Að þessu sögðu hefur ÞSSÍ ekki skoðun á því hvar utanríkisráðuneytið kys að setja á stofn sendiráð til að gæta hagsmuna Íslands. Við göngum þó út frá því að kostnaður við sendiráð sé ávallt greiddur af viðkomandi rekstrarlið ráðuneytisins, óháð staðsetningu, og ekki af framlögum til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu.

ÞSSÍ telur augljóst að verkaskipting milli ráðuneytis og stofnunar sé í besta samræmi við það sem talin er góð venja í stjórnsýslu og við þá þróun sem orðið hefur á Íslandi á undanförunum árum. Þá telur stofnunin það mjög ólíklegt að flutningur á framkvæmd tvíhliða þróunarsamvinnu inn í ráðuneytið verði til þess að auka faglega dýpt og getu í íslenski þróunarsamvinnu og að betri árangur náist fyrir það fátæka fólk sem þróunarsamvinna á að snúast um, og eins og skýrt kemur fram í Þróunarsamvinnuáætlun.

Stofnunin telur að valkostur 2 (skipulagið verði óbreytt að mestu en ÞSSÍ taki við öllum tvíhliða verkefnum en árangursmat og eftirlit verði hjá utanríkisráðuneytinu) sé í besta samræmi við þá stjórnsýslulegu niðurstöðu sem varð þegar lögin um þróunarsamvinnu voru sett árið 2008 og bregðist best við þeirri gagnrýni sem komið hefur fram um veikleika í eftirliti og úttektum. Okkur sýnist að valkostur 2 feli í sér fulla framkvæmd laganna frá 2008, en deila má um það hvort þeim hafi verið fylgt að fullu, eins og skýrsluhöfundur bendir á. Þótt ÞSSÍ hafi kostað kapps um að byggja upp eftirlits- og úttektargetu stofnunarinnar á undanförunum árum og að verklag í þeim efnum sé nú allt annað og betra

en fyrr er stofnunin fús til að fallast á að þessir þættir flytjist í meginatriðum til ráðuneytisins, enda styðjum við þá grundvallarreglu að það sé ekki góð stjórnýsla að vera eftirlitsaðili með sjálfum sér.

Við teljum síðan að valkostur 3 – að ÞSSÍ taki við flestum hlutverkum þróunarsamvinnuskrifstofu – feli í sér of mikið inngríp í pólitíska stýringu og eftirlit utanríkisráðuneytisins með málaflokknum.

Séu röksemdirnar á bls. 43 sem tala fyrir því að þróunarsamvinna færist á eina hendi í utanríkisráðuneytinu bornar saman við tólf ráðleggingar DAC um stjórnkerfi þróunarsamvinnu á bls. 38, með áherslu á skýra verkaskiptingu og árangursmiðaðan starfsanda, er ljóst að hér fara hugmyndir ekki í sömu átt. Þannig dregur skýrslan með nokkuð skýrum hætti fram hvernig staðbundnar hugmyndir og alþjóðleg viðmið geta stangast á. Þetta sýnir að ef vel á að takast til við stefnumótun og framkvæmd alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands þarf að skýra betur þau sjónarmið um framsal, ábyrgð og gagnsæi sem lögð eru til grundvallar við skipulag opinberrar stefnumótunar í nútíma stjórnýslukerfum. Þær mótsagnir sem þarna koma fram draga fram í dagsljósið mismunandi skilning á opinberri stefnumótun og hlutverki opinberrar stjórnýslu og undirstrika mikilvægi þess að fá fram gagnlegar og upplýsandi umræður um þetta misræmi.

## REKSTUR OG FRAMKVÆMD

Í skýrslunni er bent réttilega á að íslenskri þróunarsamvinnu fylgi ákveðinn smæðarkostnaður. Meðan stjórnvöld kjósa að halda uppi beinni íslenskri þátttöku, hvort sem það er opinber stofnun, ráðuneyti, félagasamtök eða fyrirtæki sem sinna framkvæmdinni, er líklegt að svo verði. Allar þjóðir sem leggja fé í þróunarsamvinnu hafa valið að halda uppi opinberri tvíhliða samvinnu. Fyrir því eru margar ástæður. Almennt er talið að stuðningur almennings sé meiri með beinum tengslum eigin lands við viðtökuríki. Þá hefur einnig löngum verið litið á tvíhliða aðstoð sem lykilkátt í uppbyggingu og viðhaldi mannauðs í þróunarsamvinnu. Sögulega hefur opinber tvíhliða aðstoð alls staðar verið kjarninn í þróunarsamvinnu, og í kringum þann kjarna hefur fjölþjóðleg aðstoð, aðstoð við félagasamtök (borgarasamtök) og aðstoð við atvinnulífið verið byggð. Meðan þróunarsamvinna er að byggjast upp er því eðlilegt að opinber tvíhliða aðstoð sé hlutfallslega fyrirferðarmikil í formi fjármuna og mannafla.

Kostnaðurinn vegna smæðarinnar kallar á að við séum ætíð að leita eftir leiðum til að draga úr honum eins og hægt er. Þar er ÞSSÍ til reiðu. En við bendum enn einu sinni á mikilvægi þess að tengja kostnað við árangursmarkmið – ekki einvörðungu við aðföng.

ÞSSÍ hefur lagt mikla vinnu í það á undanförunum árum að endurskoða og endurbæta starfshætti sína. Allt hefur það verið gert með það að markmiði að hámarka árangur (outputs og outcomes) af hverri krónu sem við höfum til meðferðar og tryggja gagnsæi. Sumt af því kallar á aukinn kostnað við upphaf samstarfs og verkefna. Gömul gagnrýni Jónasar Haralz á veikburða undirbúning verkefna er fjarri veruleika dagsins. Við teljum, þvert á móti, að við séum að komast í fremstu röð tvíhliða stofnana í verkefnaundirbúningi – þótt okkur skorti ennþá nokkuð á þann faglega massa sem t.d. sumir þróunarbankarnir og framlagsríki geta dregið á dekk í greiningu og undirbúningi.

Í framkvæmd og eftirliti leggjum við mikla áherslu á nána samvinnu við samstarfsaðilann (t.d. héraðsstjórn, ráðuneyti og stofnanir) við framkvæmdina. Starfsmenn ÞSSÍ sinna þar ekki einungis

eftirlitshlutverki heldur einnig umfangsmikilli ráðgjöf („technical assistance“) um framkvæmd og uppbyggingu á getu samstarfsaðilans til að sinna hlutverki sínu. Fyrir vikið hafa bæði Kalangala hérað í Úganda og Mangochi hérað í Malaví færst mikið upp gæðaskalann í mati stjórnvalda á héraðsstjórnnum. Þess má t.d. geta að Mangochi hérað virðist vera eina hérað landsins sem fylgir að fullu innkaupalöggjöf landsins. Í öðrum héruðum beita framlagsríki sér fyrir undanþágum til að sleppa við óþægindi. Þarna fellur til nokkur kostnaður fyrir ÞSSÍ á móti umtalsverðum árangri fyrir þróunarlandið. Hafa ber í huga að ævinlega þarf að veða saman mismunandi markmið, eins og t.d. skilvirkni og árangur.

ÞSSÍ leggur þunga áherslu á mikið og náð eftirlit með meðferð þeirra fjármuna sem við leggjum fram. Við teljum mikilvægt að eftirlitið dugi til þess að halda embættismönnum frá því að falla fyrir freistingum. Á þessu sviði gerum við meira en flestir í tvíhliða aðstoð, en við teljum mikilvægt að geta tryggt að íslensku skattfé sé fylgt vel eftir. Íslenskt almenningssálit þyldi illa svipaðar uppákomur og Írar, Norðmenn og Danir lentu í á síðasta ári í Úganda, þar sem liðlega 100 milljónum Bandaríkjadala var stolið á tveggja ára tímabili af skrifstofu forsætisráðherra, án þess að viðkomandi framlagsríki grunaði neitt. Hliðstæður atburður varð í Malaví og frá honum sagt í skýrslunni. Ekkert fé frá Íslandi fór forgörðum í þessum tilvikum vegna þess hvernig skipan mála er fyrirkomið í landinu af hálfu ÞSSÍ. Það er mat stofnunarinnar að hið nána eftirlit með framkvæmd og fjármálum skili sér í betri framkvæmdum og fjármálastjórn og tryggi að meira af fénu komist til skila í borholur, skólastofur og heilsugæslustöðvar en ella og að áætlaður munur sé meira en nógu hár til að réttlæta viðbótareftirlit. Þetta öflugra eftirlit er mögulegt m.a. vegna þess að fjármálastjórn og bókhald ÞSSÍ tryggir að útsendir starfsmenn, líkt og aðalskrifstofa, hafa útgjaldaupplýsingar á rauntíma og geta brugðist hraðar við frávikum en starfsmenn ýmissa annarra stofnana og ráðuneyta.

Sem fyrr segir teljum við að kostnaðarmat þurfi að byggjast á tengingu við afurðir og árangur (outputs og outcomes). Samanburður á íslenskum kostnaði við kostnað t.d. annarra tvíhliða gjafaríkja og/eða stofnanir Sameinuðu þjóðanna, sem við leggjum áherslu á, þyrfti þannig að huga að kostnaði á hvern skóla, heilsugæslustöð eða vatnsveitu með ÞSSÍ fjármögnun samanborið við kostnað annarra aðila.

Nokkuð er fjallað um fjölda útsendra starfsmanna, sem eðlilegt er, enda í þessu fólgin all nokkur kostnaður. Við vörum hins vegar við þeirri hugmynd að reyna að fækka þeim enn frekar. Í því samhengi er ástæða til að benda á að útsendum starfsmönnum hefur þegar fækkað á fáeinum árum úr átján í sex. Sá mannauður sem eftir er og hefur reynslu af tvíhliða starfi á vettvangi er nú þegar orðinn hættulega lítill. Það væri veruleg áhætta tekin með því að fella burtu stöður verkefnastjóra, einkum með tilliti til árangurssækninnar og varnar gegn spillingu sem áður var nefnt. Þar værum við líkast til að kasta krónunni og spara eyrinn. Við metum það svo að liðlega helmingur af starfi hvers verkefnastjóra og um þriðjungur af starfi umdæmisstjóra sé ráðgjöf við heimamenn (technical assistance) og því ekki nema liðlega eitt starf sem getur talist eftirlit í venjulegum skilningi.

ÞSSÍ heldur hins vegar áfram að leita leiða til sparnaðar, bæði heiman og heima. Við erum að fækka starfsfólki á umdæmisskrifstofum og erum að gera hið sama á skrifstofunni hér heima. ÞSSÍ er hins vegar að fullu reiðubúið í samræður um það hvernig við getum tryggt hámarksárangur með minnstum tilkostnaði. Sú greining og umræða þarf hins vegar að vera mun umfangsmeiri en það sem tæpt er á í skýrslunni.

ÞSSÍ hefur einnig unnið að því að koma á samstarfi við aðrar framlagsþjóðir og stofnanir. Þegar ÞSSÍ er treyst til að annast framkvæmdir fyrir fjármuni slíkra samstarfsaðila er í því fólgið traust á stofnuninni en um leið náum við meiri árangri á hvern starfsmann okkar og hverja krónu. Jarðhitaverkefnið er gott dæmi um þetta, en þar er helmingur fjár upprunninn hjá Norræna þróunarsjóðnum – og síðan hefur tekist að fá t.d. Evrópusambandið og Afríkusambandið inn í samstarfið. Annað dæmi er frumkvöðlafræðsla í Úganda þar sem með litlu framlagi frá ÞSSÍ tókst að setja á stofn verkefni þar sem liðlega 17 þúsund manns tóku þátt í frumkvöðlafræðslu. Samkvæmt mati var árangurinn góður og verkefnið vakti athygli belgísku þróunarsamvinnunnar sem ákvað að leggja verkefninu til meira en tvöfalda þá upphæð sem ÞSSÍ lagði fram, en treysti ÞSSÍ fyrir framkvæmdinni.

Við viljum einnig benda á þann möguleika sem skýrsluhöfundur nefnir á síðu 57, að „*auka framlög til tvíhliða verkefna í samstarfslöndunum*“ en slíkt mundi strax hafa áhrif á kostnaðarhlutföll af aðföngum. Slíkt mætti auðveldlega gera í endurskoðun á Þróunarsamvinnuáætlun eða hreinlega við gerð fjárlaga, enda er ÞSSÍ sérstakur fjárlagaliður. Í því sambandi er rétt að benda á að töluvert lægra hlutfall íslenskrar þróunaraðstoðar fer í gegnum ÞSSÍ heldur en hlutfall sænskrar í gegnum Sida, svo ekki sé minnst á IrishAid og írsku aðstoð..

Skýrsluhöfundur bendir réttilega á hátt hlutfall tvíhliða samvinnu í íslenskri þróunarsamvinnu samanborið við aðrar þjóðir. Það er þó ástæða til að benda á að íslensk tvíhliða aðstoð hefur eitt sérkenni sem strax skekkir slíkan samanburð: Háskólar Sameinuðu þjóðanna. Þar eru strax farin 14% af íslenskri þróunaraðstoð í kostnað sem á sér enga hliðstæðu í þessum mæli hjá öðrum þjóðum.

## **SAMSTARFSLÖND**

Skýrsluhöfundur tekur upp spurninguna um fjölda samstarfslanda í tengslum við rekstrarkostnað og spyr hvort þau séu hugsanlega enn of mörg, þótt þeim hafi þegar verið fækkað úr sex í þrjú. Þessi spurning var einnig rædd þegar DAC nefndin heimsótti Ísland, þótt þar hafi málið verið rætt á grundvelli þess að Ísland er með fimm skráð samstarfslönd í DAC samhengi, því Afganistan og Palestína bætast við.<sup>2</sup> Eðlilegt er að þessu sé velt upp til skoðunar.

Það er því miður engin alþjóðleg samanburðarreynsla sem við getum sótt í til að meta möguleika og áhættuþætti sem tengjast því að starfa í svo fáum löndum. Engin önnur þjóð er í einungis þremur löndum. Lúxemborg hefur t.d. samstarf við 16 lönd. Íslendingar verða því alfarið að styðjast við eigin reynslu og dómgreind.

Hjá ÞSSÍ óttumst við að með frekari fækkun sé tekin áhætta sem ekki er sparnaðarins virði. Við höfum þegar séð hve mikilvægt er að hafa sveigjanleika til að auka framkvæmdahraða í einu landi til að bregðast við t.d. pólitískum flækjum, án þess að þurfa að hlaupa til þeirra skyndilausna í „multi-bi“ aðstoð sem nágrannaþjóðir okkar nota gjarnan til „að koma út peningum“ þegar á bjátar. Þegar einungis tvö samstarfslönd eru eftir eykst verulega hættan á að sú staða skapist að í hvorugu landinu sé svigrúm

<sup>2</sup> Við teljum ekki ástæðu til að telja Afganistan og Palestínu sem samstarfslönd (án þess að við séum að setja út á samstarfið við löndin). Útsending (secondment) nokkurra starfsmanna til alþjóðastofnana er ekki af því tagi né umfangi sem réttlætir merkimiðann „samstarfsland“. Þarna er um þematíska nálgun að ræða – „störf í þágu friðar“ – sem er sambærileg við jarðhitahlöndin sem ÞSSÍ vinnur með, og í mun meira umfangi, án þess að þau séu talin samstarfslönd.

til að gera meira. Þriðja land dregur strax verulega úr þeirri hættu. Þá er ástæða til að hafa vara á um þá útbýningu mannauðs með reynslu af vettvangi sem þarna gæti orðið. Með fækkun landa í tvö samhliða því að taka upp „einsmannspósta“ væri sá reynslu- og þekkingarbanki í raun horfinn.

Stofnunin heldur áfram að skoða og reyna nýjar leiðir til að koma aðstoðinni til skila. Þannig er svæðaverkefnið í jarðhita rekið af aðalskrifstofu, en þó með allnokkrum stuðningi af umdæmisskrifstofunni í Kampala. Reynslan af því verkefni gæti haft áhrif á það hvernig við skipuleggjum starfið í framtíðinni, en það er of snemmt að draga ályktanir fyrir en að lokinni úttekt á því verkefni, þar sem m.a. verður fjallað um skilvirkni stofnunarinnar.

Á þessari stundu reiknum við með því og teljum rök hníga að því að kjarninn í starfsemi ÞSSÍ verði áfram samstarf við þrjú samstarfslönd. Að frumkvæði ÞSSÍ hófst vinna fyrir tveimur árum við að skilgreina hvaða lönd væru eðlilegust og heppilegust samstarfslönd Íslands. Vinnuteymi utanríkisráðuneytisins og Þróunarsamvinnustofnunar hefur nýverið skilað áfangaskýrslu með tillögu þar að lútandi.

### **AÐFERÐAFRÆÐI Í ÞRÓUNARSAMVINNU - ÁRANGURSSTJÓRNUN**

Skýrsluhöfundur leggur fram þann kost til skoðunar (bls. 159) að þróunarsamvinna Íslands byggist öll á aðferðum árangursstjórnunar (Results Based Management). Þetta er gagnmerk tillaga sem er allrar athygli verð. Þá er auðvitað gengið út frá því að hugsanlegar breytingar á stefnu eða fyrirkomulagi í þróunarsamvinnu Íslands verði unnar á forsendum árangursstjórnunar og kvarðar um væntanlegan árangur af þeim breytingum skýrir svo sjálfstæð og óháð úttekt í fyllingu tímans geti lagt mat á niðurstöðuna.

Með því að taka upp árangursmiðuð vinnubrögð á öllum sviðum þróunarsamvinnu yrði tekið stórt skref fram á við að mati ÞSSÍ og teljum við að sú nálgun geti gagnast sérlega vel á því stigi sem íslensk þróunarsamvinna er nú. Það á við um friðargæslu, skóla Sameinuðu þjóðanna og öll þau 60% íslensks þróunarfjár sem fara gegnum ráðuneytið auk starfsemi ÞSSÍ. Jafn markverð og sú breyting yrði er ljóst að hún verður ekki hrist fram út erminni, og má þar benda á skóla Finna í þeim efnum.

ÞSSÍ leggur til að hugmyndin fái verðuga umræðu og athugun. Ákvörðun um innleiðingu árangursstjórnar þarfnast ekki ákvörðunar Alþingis, lagabreytinga eða formbreytinga að sinni. Hún þarfnast hins vegar gagna sem ekki liggja fyrir á þessari stundu og þarf að afla. Í þessari vinnu væri auðvelt að fá aðstoð bæði Finna og Íra sem hafa staðfest við ÞSSÍ að séu boðnir og búnir að gefa hlutdeild í reynslu sinni af svipuðu ferli nýlega.

### **NÆSTU SKREF**

ÞSSÍ leggur til að í framhaldinu verði eftirfarandi skref stigin í anda árangursstjórnunar í þróunarsamvinnu (en mikilvægur þáttur slíkrar stefnumótunar er einmitt „evidence based“ ákvarðanir), til að betri grunnur fái fyrir framtíðar ákvarðanir um stjórnsýslu og skipulag, samstarfslönd, skiptingu fjármuna, samstarfsaðila og fleira það sem upp er velt í fróðlegri skýrslu:

- 1) Óskað verði eftir því við DAC að áætluð heildarúttekt fari fram við fyrsta tækifæri. Ísland er á úttektalista hjá DAC og fyrir liggur vilji um að framkvæma hana við fyrsta tækifæri.

- 2) Óskað verði eftir álit Ríkisendurskoðunar á þeim tillögum sem varpað er upp í álitsgerðinni og stjórnsýslulegu gildi þeirra. Huga mætti að því að fá einnig aðstoð fræðasamfélagsins.
- 3) Gerð verði sú ytri óháða úttekt sem DAC leggur til að verði gerð á skólum Sameinuðu þjóðanna. Hún miði meðal annars, en ekki bara, við að skilgreina hversu nógildandi stefna og verklag tekur á árangursstjórnun og eftirliti.
- 4) Gerð verði ytri úttekt á Friðargæslunni, markmiðalýsingum, eftirliti og árangursmælingum. Í álitsgerðinni er að finna ákveðnar tillögur um breytingar sem fela í sér ábendingar um að umbóta sé þörf.
- 5) Gert verði mat á getu félagasamtaka á Íslandi til að sinna þróunarsamvinnu („capacity assessment“) samkvæmt kröfum árangursstjórnunar. Í skýrslunni er fróðleg samantekt um félagasamtökin sem birtir nokkrar ólíkar gerðir þeirra. Getumat væri mikilvæg staðfesting stefnumótunar sem hugsanlega felur í sér aukinn hlut félagasamtaka.
- 6) Standi vilji til þess að ÞSSÍ undirgangist ytri rýni á verklagi og gæðahandbók, vinnuferlum og slíku er auðvelt og einfalt að standa að slíku. ÞSSÍ birtir jafnóðum úttektir á tvíhliða verkefnum á heimasíðu sinni sem varpa skýru ljósi á verklag og árangur af tvíhliða þróunarsamvinnu og mætti taka saman í eina heildarálitsgerð með utanaðkomandi rýni.

Reykjavík 27. júní 2014

Fyrir hönd starfsfólks Þróunarsamvinnustofnunar Íslands

**Engilbert Guðmundsson framkvæmdastjóri**